

Bráðabirgðaskýrsla

Um fornleifakönnun vegna framkvæmda

á Bíldudal og Patreksfirði

Dagana 12.-13. september fór fram fornleifakönnun vegna framkvæmda á alls þremur svæðum á Bíldudal og Patreksfirði.

Rannsóknina unnu Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur og Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðinemi. Rannsóknin er gerð á vegum Náttúrufræðistofu Vestfjarða og Byggðasafns Árnesinga fyrir sveitarfélagið Vesturbyggð.

Þann 12. september voru skoðuð svæðin á Patreksfirði.

Svæði 1.

Svæðið sem nefnt er númer eitt er á milli Mýra og Þórsgötu, það er 120 m á lengd og 70 m á breidd.

Vegur skásker svæðið, en hann liggur frá Urðargötu niður á Þórsgötu.

Svæðið er nokkuð lynggróið, það er mjög grýtt og stór björg eru á því miðju.



Snjóflóð féll þarna á seinni hluta síðustu aldar og eru á svæðinu minjar um byggingar sem líklega hafa skemmst í flóðinu, eins og steiptur grunnur af litlu húsi.

Einnig fundust tveir garðar sem gerðir hafa verið úr grjóti úr nágrenninu.

Garðarnir virðast byrja við stór björg sem eru rétt fyrir neðan Mýrar og enda við veginn sem liggur á ská í gegnum reitinn. Garðarnir eru 15 m á lengd og eru 7 m á milli þeirra og mynda björgin eina hlið á eins konar hólfi.

Hugsanlega er um rétt af einhverju tagi að ræða og er aldur óviss.



Svæði 2 á Patreksfirði

Það svæði er til norðurs við svæði 1 fyrir neðan hús sem standa við Mýrar. Sá reitur er um 250 m á lengd og 45 m breitt og liggur frá lóðamörkum húsanna að Þórsgötu.

Aflíðandi frá lóðum húsanna að Þórsgötu, neðarlega við götuna, stendur minnismerki.

Samkvæmt heimildarmanninum Sigurði [eftirnafn] sem er 80 ára heitir þetta svæði

Nýjatún og var slegið áður fyrr, man hann ekki eftir neinum mannvirkjum þarna.

Svæðið er mjög mishæðótt og á nokkrum stöðum gæti manni sýnst að tóftir leyndust undir jarðvegi, en ef svæðið er skoðað í samhengi við umhverfið í kring er líklegt að þær þústir sem sjást séu grjót út grýttri hliðinni fyrir ofan rétt eins og á svæðinu við hliðina þar sem mikið grjót sést.

Heimamenn þeir sem rætt var við voru allir sammála um að þarna undir grassverði væri mjög grýttur jarðvegur sem runnið hefur úr hliðinni, en mikið grjótskrið er úr fjallinu fyrir ofan.

Ljóst er að heimamenn þekkja umhverfi sitt vel, en þó er ekki útilokað að að þarna gætu leynst tóftir. Hafa verður í huga þegar framkvæmdir hefjast að fylgjast þarf vel með því sem í ljós gæti komið og kalla til fornleifafræðing ef minnsti grunur leikur á að mannvirki séu undir grassverði.

Bíldudalur

Þann 13. september var fyrirhugað framkvæmdasvæði á Bíldudal skoðað.

Svæðið liggur í vesturhlíð og snýr móti austri að sjó. Frá Dalbraut og niður að sjó er aflíðandi grasivaxin brekka, þegar brekkunni sleppir er nokkuð brattur fjörukambur niður í fjöruna. Svæðið afmarkast af Dalbraut í vestri, Gilsbakka í suðri og landfyllingum við íþróttahús í norðri.

Við vettvangsrannsókn fundust nokkrar minjar sem voru skráðar, þar kom í ljós hlaðinn grunnur af tveimur húsum og tóft og garður hlaðið úr grjóti. Einnig voru leifar af nokkrum litlum byggingum svo sem kolakofa og brunnhúsi. Talað var við íbúa í húsinu Gilhaga, Jónu Runólfsdóttur, en afi hennar Jón Teitur Loftsson bjó áður á Gilhaga. Tóftina segir hún vera reykkofi sem afi hennar byggði eftir að hann flutti á Bíldudal árið 1929 og garðurinn er hluti af kartöflugarði. Minjarnar sem fundust nærri húsinu þekkti Jóna allar og greindi hún frá notkun þeirra. Líklegt má telja að ekkert af þeim minjum hafi náð 100 ára aldri og flestar frá því eftir 1930.

Hlaðinn grunnur af tveimur húsum fundust á svæðinu og sögðu heimildarmenn, Gunnar Knútur Valdimarsson og Jóna Runólfsdóttir, að þetta væru grunnar af Efra-Hvammi eða Hringjarabæ eins og húsið var líka kallað, en það hús var byggt eftir 1930 og rífið milli 1965-1970. Fyrir neðan það stóð annað hús sem bar heitið Neðri-Hvammur og er það einnig horfið.

Alveg niðri við fjöruna eru fimm hús og hafa fjögur þeirra verið gerð upp.

Það er mat okkar eftir vettvangsrannsóknina að minjarnar á svæðinu flokkist ekki undir friðlýstar fornleifar. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta leynst undir yfirborðinu þótt ekki sjáist neitt ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér um, ef þurfa þykir, eftirlit með framkvæmdunum. Ef fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Samantekt

Þessi skýrsla er aðeins til bráðabirgða um þessa fornleifakönnun, ýtarlegri skýrsla um rannsóknina er væntanleg fljótlega, en niðurstaða þessarar rannsóknar er í stuttu máli sú að **engar friðlýstar fornleifar fundust á framkvæmdasvæði á Bíldudal.**

Engar augljósar minjar fundust á svæði 2 á Patreksfirði en tveir garðar á svæði 1, er aldur þeirra er óviss. En eins og áður sagði verður að fara með gát og tilkynna fornleifavernd eða minjaverði Vesturlands ef aðrar minjar koma í ljós við framkvæmdir.

Fullnaðarskýrsla um rannsóknina mun liggja fyrir innan tveggja vikna.